

Alþingi  
Erindi nr. P 141/683  
komudagur 22. 11. 2012



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Ísafjörður, 20. nóvember 2012  
2012110020 DJ/PP

**Efni: Frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs, hlutverk Reykjavíkurflugvallar.**

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 19. nóvember sl., var samþykkt svohljóðandi umsögn um frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs, hlutverk Reykjavíkurflugvallar, 120. mál.

„Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fagnar framkomnu frumvarpi til laga um miðstöð innanlandsflugs í Reykjavík. Afstaða Ísafjarðarbæjar hefur lengi verið sú að tryggja beri áframhaldandi miðstöð innanlandsflugs í Reykjavík, enda hefur stjórnvís landsins verið byggð upp á höfuðborgarsvæðinu. Íbúar Ísafjarðarbæjar treysta mjög á innalandsflugið þar sem það er staðsett í dag. Núverandi skipulag byggir á greiðum flugsamgöngum og því að íbúar landsbyggðanna komist með tiltölulega litlum fyrirvara og erfiði til höfuðborgarsvæðisins.

Það er ljóst að verði innanlandsflug flutt til Keflavíkur, verður bæði tímafrekara og kostnaðarsamara fyrir íbúa landsbyggðanna að sækja þjónustu og störf til höfuðborgarinnar, auk þess sem allar líkur eru á að meirihluti innalandsflugs yrði lagt niður eins og fram kemur í skýrslu KPMG frá september 2012. Það er ljóst að ef af flutningi innanlandsflugsins til Keflavíkur yrði þá væri verið að skerða mjög aðgengi íbúa landsbyggðanna að allri opinberri þjónustu, þá ekki síst lífsnauðsynlegri þjónustu eins og heilbrigðisþjónustu.

Góðar flugsamgöngur milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarinnar eru mikilvægur þáttur í að halda uppi lífsgæðum í landinu. Með núverandi fyrirkomulagi er það stutt í höfuðborgina að staðsetning þjónustu í höfuðborginni kemur minna að sök. Skertar samgöngur geta hins vegar skapað öryggisleysi, sem og dregið úr lífsgæðum á landsbyggðinni.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar skorar því á Alþingismenn að fylkja sér að baki þessu frumvarpi og tryggja áframhaldandi veru miðstöðvar innalandsflugs á Reykjavíkurflugvelli.“

Virðingarfyllt,

Daníel Jakobsson

- bærarstjóri -